

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál 1/2002-2003

Kærandi	Sparisjóðurinn í Keflavík (Jóhannes Karl Sveinsson hrl.)
Kærður	Hörður Kristjánsson blaðamaður á DV og ritstjórn DV
Kæruefni	Umfjöllun í DV um málefni Sparisjóðsins í Keflavík í júní 2002

Kæran var borin fram í bréfi dagsettu 24. júní 2002. Hörður Kristjánsson sendi siðanefnd skriflega greinargerð um kæruefnið hinn 18. júlí. Síðan hafa sumarleyfi annarra en nefndarfólks valdið töfum. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 22. júlí, 19. og 26. ágúst og 16. september. Hörður Kristjánsson kom á fund nefndarinnar 19. ágúst. Þar lagði hann fram viðbót við fyrri greinargerð sína og svaraði spurningum. 27. ágúst innti formaður siðanefndar Sigmundur Erni Rúnarsson, ritstjóra DV, í síma eftir viðbrögðum ritstjórnarinnar við kærinni. Þeir ræddust aftur við 5. september, og bað Sigmundur þá fyrir munnleg boð til nefndarinnar.

Málavextir

Í kærubréfi Jóhannesar Karls Sveinssonar frá 24. júní er málavöxtum lýst á þessa leið:

Í desember s.l. höfðaði Sparisjóðurinn í Keflavík mál gegn Ragnari Sigurðssyni o.fl. vegna ábyrgðar þeirra á skuldabréfi að upphæð kr. 4.500.000. Máli því er ólokið. Eftir málshöfðunina

hefur Ragnar Sigurðsson leitast við að koma höggi á Sparisjóðinn í Keflavík með ásökunum til lögreglu og Fjármálaeftirlits um skjalafals, umboðssvik og veðsvik sem eiga að hafa átt sér stað innan bankans í tengslum við meðferð hlutabréfa í Thermo plus. Allar þessar ásakanir eru tilhæfulausar og fráleitar. Síðasta útspil Ragnars var að krefjast þess að Fjármálaeftirlitið svipti Sparisjóðinn í Keflavík starfsleyfi vegna þess að lögregla rannsakaði kærur hans! Engin rannsókn stóð þó yfir.

Vegna þagnarskyldu sinnar m.a. hefur Sparisjóðurinn í Keflavík ekki talið sér fært að gefa út yfirlýsingar um þessi mál þótt fréttir af þeim hafi ítrekað verið birtar í DV eins og um væri að ræða raunverulegt sakamál en ekki hugarfóstur eins manns. Hins vegar hefur verið haft samband við ritstjórn DV og þeim greint frá stöðu mála, sbr. tölvubréf sem sent var hinn 8. apríl s.l. í framhaldi af samtali við Óla Björn Kárasón. Fréttunum af málarekstri Ragnars Sigurðssonar hefur hins vegar ekki linnt og í framsetningu blaðsins hefur verið látið líta svo út að um raunverulegt sakamál sé að ræða og að stofnunin Sparisjóðurinn í Keflavík bókstaflega riði til falls.

Í fyrirsögn DV hinn 20. júní segir um málið:

Uppnám vegna Sparisjóðs Keflavíkur. Krafist sviptingar á starfsleyfinu – vegna opinberrar rannsóknar í tengslum við Thermo plus.

Þessi fyrirsögn er meginefni kærunnar, nánar tiltekið orðin „vegna opinberrar rannsóknar í tengslum við Thermo plus“ sem voru undirfyrirsögn.

Þess ber að geta að Fjármálaeftirlitið hafnaði umræddri kröfu Ragnars Sigurðssonar hinn 21. júní 2002 samkvæmt bréfi Jóhannesar Karls. Ríkislögreglustjóri hefur ekki enn, að sögn embættis hans, tekið afstöðu til kæru Ragnars, fremur en til annarra skyldra mála sem varða Thermo plus.

Jóhannes Karl Sveinsson finnur líka að frétt DV um málefni sparisjóðsins næsta dag, 21. júní 2002, undir fyrirsögninni „Hlutafélagavæðingu flýtt“. Þar segir að flýta eigi breytingunni í hlutafélag vegna slakrar fjárhagsstöðu sparisjóðsins, en skiptar

skoðanir séu um breytinguna „m.a. vegna ótta stofnfjárfesta við niðurfærslu á þeirra eign eftir að henni hefur verið breytt í hlutafé.“ Þá segir í fréttinni:

Talsverður titringur hefur verið vegna kröfu fyrrum stjórnarformanns Thermo plus um að Sparisjóður Keflavíkur verði sviptur starfsleyfi sem sagt var frá í DV í gær. Ljóst þykir að Sparisjóðurinn hefur tapað tugum milljóna króna á viðskiptum við félagið...

Um þessa frétt segir Jóhannes Karl:

... annað hvort er hér um hreinan skáldskap hjá viðkomandi blaðamanni að ræða, eða heimildarmaður hans hefur algerlega misskilið hvað um var að ræða á kynningarfundinum. Fjárhagsstaða Sparisjóðsins í Keflavík er mjög góð og engum hefur dottið í hug að færa niður hlutafé hvað sem það nú þýðir. Ekkert af þessu var borið undir forsvarsmenn Sparisjóðsins.

Hörður Kristjánsson neitar því í greinargerð sinni að umfjöllun DV um málefni Sparisjóðsins í Keflavík sé sprottin af málshöfðun Sparisjóðsins í Keflavík gegn Ragnari Sigurðssyni og fleirum. Upptökin segir hann vera rekstrarvanda og síðar gjaldþrot kælitækjaverksmiðjunnar Thermo plus h.f., en Sparisjóðurinn var viðskiptabanki hennar. DV hafði flutt öðru hverju, fyrst sumarið 2000 en einkum frá því snemma árs 2001, fréttir af Thermo plus, reistar á vísbendingum frá yfir tuttugu heimildarmönnum.

Jóhannes Karl Sveinsson segir í kærubréfi sínu um ásakanir Ragnars Sigurðssonar á hendur Sparisjóðnum í Keflavík að „fréttir af þeim hafi ítrekað verið birtar í DV eins og um væri að ræða raunverulegt sakamál en ekki hugarfóstur eins manns“, þar á meðal 20. júní undir hinni kærðu fyrir sögn. Um þetta efni segir Hörður í greinargerð sinni:

Í samtali við blaðamann [kringum 8. apríl] neitaði lögmaðurinn [Jóhann Karl Sveinsson] að nokkuð það væri í gangi er tengdi Thermo plus við Sparisjóð Keflavíkur, hvorki hjá

Fjármálaeftirliti, né Ríkislögreglustjóra. Þessar fullyrðingar lögmannsins voru einfaldlega rangar...

Þessu til staðfestingar vitnar Hörður í bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðsins í Keflavík frá 9. apríl. Hörður vitnar enn fremur í skeyti til eins aðila máls frá háttsettum embættismanni Ríkislögreglustjóra þar sem segir meðal annars:

Skjal þitt er mótttekið og verður sameinað öðrum gögnum sem lögð hafa verið fram í þessu máli. Varðandi fund þá tel ég ekki tímabært að halda hann fyrir en málinu hefur verið úthlutað til rannsóknar...

Um fréttina 20. júní segir Hörður:

Þó Ríkislögreglustjóri [svo] hafi vísað frá kæru Ragnars um að Sparisjóðurinn yrði sviptur starfsleyfi, þá er frétt DV af kærinni 20. júní rétt. Það var uppnám vegna málsins í hópi stofnfjáreigenda Sparisjóðsins. Það hafa stofnfjáreigendur staðfest við blaðamann...

Um fréttina 21. júní, af kynningarfundinum daginn áður, segir Hörður að hann treysti „fullkomlega orðum stofnfjáreigenda sem fundinn sátu og ræddu við blaðamann DV.“ Hann hefur eftir þessum heimildarmönnum að sparisjóðsstjórinn hafi ekki sagt allan sannleikann um fundinn í viðtali við Morgunblaðið daginn eftir fundinn. Hörður kveðst sjálfur hafa rætt við sparisjóðsstjóran um þau ummæli sem heimildarmenn DV höfðu eftir honum um fjárhagsvanda Sparisjóðsins.

Umfjöllun

Gögn málsins leyfa engar ályktanir um hvort eitthvað er ofsagt eða vansagt í frétt DV frá 21. júní um kynningarfund Sparisjóðsins í Keflavík með stofnfjáreigendum. Um „tíring“ á fundinum ber heimildum ekki saman, og ekki heldur um hvað sparisjóðsstjórinn sagði á fundinum um fjárhag sjóðsins.

Jóhannes Karl Sveinsson hnýtur líka um þau ummæli í fréttinni að stofnfjáreigendur hafi óttast „niðurfærslu“ á eign sinni upp úr því að Sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag, og hefur þau til marks um að Hörður Kristjánsson eða heimildarmenn hans misskilji það sem fram fór. En bæði þessi ummæli um óttann og óttinn sjálfur kynnu að eiga við rök að styðjast.

Ekkert í þessari frétt varðar við siðareglur.

Í kærubréfi er ekki fundið að efnisatriðum í frétt DV frá 20. júní, heldur að fyrrgreindri fyirsögn fréttarinnar: „Uppnám vegna Sparisjóðs Keflavíkur. Krafist sviptingar á starfsleyfinu – vegna opinberrar rannsóknar í tengslum við Thermo plus.“ Hér voru orðin „vegna opinberrar rannsóknar í tengslum við Thermo plus“ undirfyirsögn sem fyrr er sagt. Fyirsögnin í heild styðst við upphaf fréttarinnar:

Mikill titringur er nú á Sudurnesjum og víðar vegna kröfu um að Sparisjóður Keflavíkur verði sviptur starfsleyfi í tengslum við rannsóknar [svo] á málum sjóðsins í sambandi við viðskipti við hið sáluga kælitækjafyrirtæki Thermo Plus.

Jóhannes Karl Sveinsson finnur það að undirfyirsögninni að engin opinber rannsókn hafi staðið yfir. Kæra hafði borist til Ríkislögreglustjóra, en hann hafði ekki – og hefur ekki enn eins og fram er komið – tekið ákvörðun um hvort málið skuli tekið til rannsóknar eða því vísað frá. Fjármálaeftirlitinu barst síðan krafa um starfsleyfissviptingu Sparisjóðsins í Keflavík vegna þessarar kæru, og það hafnaði henni daginn eftir að fréttin birtist.

Aðfinnslan er réttmæt. Undirfyirsögn DV var og er röng. Eftir því sem tíðkanlegt er telst hún vera á ábyrgð ritstjórnar. Hér vantar því á að ritstjórn DV hafi hlítt 3. grein siðareglna:

Bláðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandsömum málum.

DV getur ekki talist hafa vandað framsetningu sína svo sem kostur er í undirfyirsögninni „vegna opinberrar rannsóknar í

tengslum við Thermo plus“. Þess ber að geta að Sigmundur
Ernir Rúnarsson, ritstjóri DV, kannast við að þetta sé yfirsjón.

Úrskurður

Hörður Kristjánsson telst ekki hafa brotið siðareglur. Ritstjórn
DV telst hafa brotið gegn 3. grein siðareglna. Brotið er
ámælisvert.

Reykjavík 16. september 2002



Þorsteinn Gylfason



Hjörtur Gíslason



Sigurveig Jónsdóttir



Ásgeir Þór Árnason



Jóhannes Tómasson